

REGLUGERÐ

um skikkjur dómara og málflytjenda.

1. gr.

Héraðsdómarar skulu bera skikkjur við dómstörf í dómsölum. Dómaraskikkjur skulu vera dökkbláar að lit, með bláum bryddingum og uppslögum úr flaueli.

Fulltrúar dómara skulu með sama hætti og dómarar bera dómaraskikkjur við dómstörf í dómsölum.

2. gr.

Ákærendur skulu bera skikkjur við málsókn í opinberum málum. Skulu þær vera svartar með bláum bryddingum og uppslögum úr flaueli. Skikkjur annarra málflytjenda skulu vera sams konar.

3. gr.

Kostnaður við dómaraskikkjur og skikkjur sem fulltrúar ákæruvaldsins bera greiðist úr ríkissjóði.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 24. gr. laga um réttindi og skyldur opinberra starfsmanna nr. 38 14. apríl 1954 og öðlast gildi 1. júlí 1992. Jafnframt falla úr gildi ákvæði í V. kafla reglugerðar um einkennisbúninga héraðsdómara, hreppstjóra, tollgæslumanna og bifreiðaeftirlitsmanna og sérstakra löggæslumanna nr. 145 11. október 1946 er varðar dómarakápur.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. júní 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

GJALDSKRÁ

fyrir stefnuvotta.

1. gr.

Fyrir birtingu á hvers konar tilkynningu, skal greiða stefnuvotti 700 króna þóknun, vegna hvers manns sem hún er birt fyrir.

2. gr.

Stefnuvottur skal fá greiddan aksturskostnað, 700 krónur, vegna hverrar birtingar. Ef birtar eru samtímis fleiri en ein tilkynning á hendur sama manni eða tveimur einstaklingum á sama heimili, skal þó aðeins greiða aksturskostnað sem um eina birtingu væri að ræða.

Sé um lengri veg að fara en 30 kílómetra skal aksturskostnaður ákveðinn í samræmi við akstursgjald sem ákveðið hefur verið fyrir ríkisstarfsmenn.

3. gr.

Póstkostnaður vegna birtingar skal greiddur af þeim sem æskir birtingarinnar.

4. gr.

Endursendi stefnuvottur tilkynningu án þess að birting hafi tekist, skal hann fá aksturskostnað greiddan að fullu, en að auki skal hann fá greidda ómaksþóknun og skal hún vera að fjárhæð 450 krónur.

5. gr.

Gjaldskrá þessi, sem er sett samkvæmt 4. mgr. 81. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91 31. desember 1991, öðlast gildi 1. júlí 1992.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. júní 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn Geirsson.

REGLUGERÐ

um stjórnarsýslumeðferð hjúskaparmála.

I. KAFLI

Gildissvið.

1. gr.

Reglugerð þessi tekur til mála sem sýslumenn fjalla um samkvæmt lögum um stofnun og slit hjúskapar og lögum um réttindi og skyldur hjóna.

II. KAFLI

Málaskrár, spjaldskrár og hjónaskilnaðabækur.

2. gr.

Sýslumaður skal halda sífjamálaskrá. Þar skal skrá öll mál sem hann fær til meðferðar, sbr. 1. gr. Hverju máli skal gefið númer í hlaupandi töluröð er miðist við ár hvert og það fært í málaskrána við móttöku.

Í málaskrána skal færa eftirtalin atriði:

1. Númer máls.
2. Móttökudag erindis.
3. Upphaflegt númer máls, ef málið er sent frá öðrum sýslumanni.
4. Nöfn hjóna.
5. Að málið sé hjónaskilnaðarmál.
6. Hvenær mál er sent öðrum sýslumanni, ef því er að skipta.
7. Lyktir máls og dagsetningu.

Ef sífjamálaskrá er á tölvutæku formi, skal í lok hvers vinnudags taka öryggisafrit af skránni.

Sýslumaður skal, fyrir 10. dag hvers mánaðar, senda dómsmálaráðuneytinu afrit sífjamálaskrár undanfarandi mánaðar.

3. gr.

Sýslumaður skal halda spjaldskrá yfir aðila hjónaskilnaðamála. Skal skránni raðað í stafrófsröð eftir eigin nafni hvers málsaðila. Hvort hjóna skal skráð á sérstakt spjald með fullu nafni og kennitölu. Þar skal að auki greina fullt nafn og kennitölu hins hjóna, númer máls, hvort um er að ræða skilnað að borði og sæng eða lögskilnað og dagsetningu leyfisbréfs eða